

Græn skuldabréf

Tækifæri framtíðarinnar

Stiklað á stóru

Markaðir - Landsbankinn




Hvað eru græn skuldabréf og græn verkefni?*

Græn skuldabréf eru hvers kyns skuldabréf þar sem fjármunum er eingöngu varið til að fjármagna eða endurfjármagna ný eða fyrirliggjandi græn verkefni, að hluta eða öllu leiti




Umgjörð utan um græn skuldabréf byggð á alþjóðlegum viðmiðum



Leikendur á markaði með græn skuldabréf

Fjárfesta í skuldabréfum m.t.t.
Fjárfestingarheimilda



Alþjóðleg samtök aðila á verðbréfamarkaði hafa **skilgreint græn skuldabréf, útbúið verklag** og leiðbeinandi viðmiðunarreglur sem kallast „*Green Bond Principles*“ (**GBP**) sem markaðsaðilar hafa komið sér saman um og stuðst er við í útgáfum á grænum skuldabréfum.

Útbýr umgjörð sem kallast „*Green Bond Framework*“ (**GBF**), setur markmið og skilgreinir græn verkefnið sem grænum skuldabréfum er ætlað að fjármagna.


Aðstoðar við sölu, útgáfu og hefur umsjón með skráningu skuldabréfa á markað (ef á við)

Óháður vottunaraðili metur hvort umgjörðin (**GBF**) geti talist græn og hvort hún uppfylli **GBP**. Metur einnig hvort umgjörðin sé í takt við væntingar markaðarins og viðurkennda staðla á markaðinum (e. *Second Party Opinion*)

Vaxandi fjölbreytileiki verkefna sem fjármögnuð eru með grænum skuldabréfum

Ráðstöfun söluandvirðis grænna skuldabréfa 2019*

- Verkefni tengd endurnýjanlegum orkugjöfum og **vistvænum byggingum** nærri 2/3 af öllum verkefnum
- 30% af söluandvirði grænna skuldabréfa árið 2019 fór í fjármögnun á vistvænum byggingum, samanborið við 26% á árið áður
- Byggingariðnaður losar allt að 40% gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu*
- Mikill vöxtur í byggingariðnaði á Íslandi
- Samhliða uppsveiflu í byggingariðnaði síðastliðna ára hefur vistspor iðnaðarins aukist
- Mikilvægt að leggja lóð á vogarskálarnar við að draga úr losun koltvísýrings í byggingariðnaði



Hver er ávinningurinn?

Kostir grænna skuldabréfa



- **Langtímafjárfesting fyrir framtíðina** og komandi kynslóðir
- **Jákvæð** ímynd útgefanda
- **Breiðari kaupendahópur** heldur en hjá hefðbundnum skuldabréfum
- Getur **lækkað rekstrarkostnað** til lengri tíma (verkefnabundið)
- Aukið gagnsæi og **upplýsingagjöf til fjárfesta**
- Hvetur til **mælinga á áhrifum umhverfisvænna** verkefna
- Hvetur til **vitundarvakningar** starfsmanna á málefninu
- Hvetur til **jákvæðari stjórnarháttu** innan félags
- Stuðlar að bættu umhverfi
- Fleiri valkostir til fjárfestinga í samræmi við **ábyrgar fjárfestingar**
- **Minnkar** áhættuna á **grænþvottun**


Hverjir eru ókostirnir?

Ókostir grænna skuldabréfa

- **Lengra útgáfuferli** en við útgáfu á hefðbundnum skuldabréfum, því útbúa þarf umgjörð (**GBF**) utan um græn skuldabréf
- Meiri **upphafskostnaður** við útgáfu grænna skuldabréfa en við útgáfu hefðbundinna skuldabréfa
- Tilgangurinn er **ekki endilega fjárhagslegur ávinningur** fyrir útgefanda heldur frekar aukin vitund á umhverfismálum
- **Orðsporsáhætta** ef verkefni sem fjármagnað er með grænu skuldabréfi reynist svo ekki vera „grænt“
- **Lánshæfismat** og ávöxtunarkrafa skuldabréfsins er háð áhættuþáttum sem tengist öllum efnahag félagsins ekki bara tilteknu grænu verkefni
- **Lagaleg óvissa** því regluverkið utan um græn skuldabréf er enn í mótun

*Útgáfa á grænum skuldabréfum snýst ekki bara um verðið heldur að gera það rétta og stuðla að bættu umhverfi. Fyrir hvað stöndum við? Það væri frábært ef verðið væri betra í samanburði við hefðbundin skuldabréf, en það er ekki raunin. Þetta er langhlaup og þetta snýst um að senda réttu skilaboðin til markaðarins.**

Helsti hvatinn er vaxandi krafa fjárfesta um samfélagslega ábyrga fjárfestingakosti




*Green Bond Principles og eru leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir útgefendur settar fram af Alþjóðlegum samtökum aðila á Verðbréfamarkaði (ICMA)

**Hægt er að tengja hæf græn verkefni við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu félagsins í samfélagslegri ábyrgð og umhverfismálum.

Markaður með græn skuldabréf á heimsvísu

- **Þrýstingur á fjárfesta** að beina fjármagni í grænar útgáfur þannig að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftlagsmála
- Fjárfestar gerast í auknum mæli aðilar að reglum Sameinuðu þjóðanna um **ábyrgar fjárfestingar** (PRI) og skuldbinda sig til að leggja áherslu á félagsleg og umhverfisleg sjónarmið við ákvarðanir um fjárfestingar, auk góðra stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í (UFS þættir**)
- **Vaxandi áhugi** á grænum skuldabréfum erlendis, eftir undirritun **Parísarsáttmálans** 2015
- **Græn skuldabréf** er einn möguleiki til fjármögnunar á umhverfisvænum verkefnum
- **Heildarverðmæti** útgefna grænna skuldabréfa á markaði hækkaði um 51% milli ára á heimsvísu
- **45%** af heildar útgáfum voru í Evrópu árið 2019
- **250 nýjir** útgefendur á árinu 2019 á heimsvísu


Markaðsvirði útgefna grænna skuldabréfa á ári*



*Á heimsvísu



Þróun aðildarfélaga hjá PRI




Staðan hér heima

- Tímamót þegar lögum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða var breytt en með lögum nr. 113/2016 var ákvæði um siðferðileg viðmið bætt inn í lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissjóðalögin). Breytingin tók gildi. 1. júlí 2017.
- Stofnun IcelandSIF 13. nóvember 2017 www.icelandsif.is
- Vinnuhópur IcelandSIF
- Könnun sem framkvæmd var á vegum samtakanna í febrúar 2020 sýndi að 85% þeirra aðildarfélaganna sem svöruðu höfðu sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar borið saman við 73% árið á undan.
- Heildareignir í stýringu hjá aðildarfélögum IcelandSIF eru um 7.000 milljarðar


| | | | |
|---|--|---|---|
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |

Íslenski markaðurinn - Útgáfa grænna skuldabréfa

Heildarútgáfa grænna skuldabréfa




Hlutfall grænna skuldabréfa af markaðnum



■ LSS040440 GB ■ OR020934 GB ■ OR180255 GB ■ REGINN50 GB ■ RVKG 48 1



Samfélagsleg ábyrgð Landsbankans



Landsbankinn fær góða umsögn um samfélagsábyrgð hjá Sustainalytics

- Landsbankinn hefur fengið UFS-áhættumat frá Sustainalytics sem snýr að samfélagsábyrgð bankans, nánar tiltekið umhverfis- og félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS-þáttum). Landsbankinn fékk mjög góða einkunn og er bankinn í 2. sæti af 382 bönkum sem Sustainalytics hefur mælt í Evrópu. Landsbankinn fékk 13,5 stig á 100 stiga skala sem þýðir að lítil áhætta er talin vera á að bankinn verði fyrir fjárhagslegum áhrifum vegna UFS-þátta.
- Krafa um úttekt ytri aðila á UFS-þáttum fyrirtækja hefur aukist undanfarin ár og vilja ýmsir fjárfestar að það liggja fyrir óháð mat þriðja aðila á samfélagsábyrgð bankans. UFS-þættir (e. Environmental, Social, Governance, ESG) eru viðmið sem snúa m.a. að því hvernig fyrirtæki gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar og hvernig fyrirtæki kemur fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í.
- Sustainalytics er alþjóðlegt mats- og greiningarfyrirtæki sem aðstoðar fjárfesta, útgefendur og fyrirtæki um allan heim við að innleiða aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og sjálfbærra fjármálagerninga.

A3 | 86 / 100


| | | | |
|----------------|----------------|----------------|----------|
| A1 - A3 | B1 - B3 | C1 - C2 | D |
| Framúrskarandi | Gott | Miðlungs | Slakt |

EINKUNN

Landsbankinn nær framúrskarandi árangri í UFS áhættumati Reitunar með 86 af 100 stigum mögulegum. Endar bankinn í flokki A3.

UFS NIÐURSTÖÐUR

| | Vægi | Stig | Einkunn |
|---|--------------|-----------|-----------|
| Umhverfispáttur | 15.0% | 79 | B2 |
| E.1 Notkun & hagvæmni | 7.5% | 83 | B1 |
| E.2 Umhverfisstjórnun & yfirsýn | 7.5% | 75 | B2 |
| Félagspáttur | 25.0% | 95 | A2 |
| S.1 Starfsumhverfi | 7.5% | 97 | A1 |
| S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja | 17.5% | 94 | A2 |
| Stjórnarhættir | 60.0% | 83 | B1 |
| G.1 Stjórnun & aðfangakeðja | 9.0% | 79 | B2 |
| G.2 Starfshættir | 21.0% | 97 | A1 |
| G.3 Vörur & þjónusta | 30.0% | 75 | B2 |



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Landsbankinn hefur undanfarin ár unnið vel að málefnum sem snúa að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS) og náð góðum árangri á þeim sviðum. Bankinn hefur nýtt áhrifavald sitt til góðs og verið virkur þátttakandi í því að ýta undir framfarir í þróun UFS mála hérlendis. Bankinn heldur áfram vinnu við innleiðingu UFS þátta inn í fjárfestinga- og útlánastarfsemi sína og hefur skuldbundið sig að fylgja viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (PRI) og ábyrga bankastarfsemi (PRB). Hann vinnur nú að settum markmiðum um grænan lánaramma og er þátttakandi í þróun á PCAF, verkefni sem mun aðstoða banka á heimsvísu að mæla kolefnisspor í lána- og eignasafni sínu. Þá hefur bankinn hafið vinnu við að veita birgjum sínum nánari eftirfylgni m.t.t. UFS. Almenn er áhætta gagnvart stjórnarháttum lág hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum vegna staðsetningar og stífs regluverks og uppfyllir því bankinn sett viðmið. Upplýsingaöryggi er stór áhættuþáttur fyrir starfsemi. Stöðug ógn stafar af netþrjótum og hraðri þróun tækninnar. Hluti áhættunnar er nánast óviðráðanleg en bankinn vinnur ótullega að því að lámarka hana og hefur gripið til aðgerða út á við til að sporna enn frekar gegn henni. Bankinn er sýnilegur í samfélaginu og mælist viðskiptaánægja há. Hann hugar vel að starfsfólki sínu og fær framúrskarandi einkunn í félagshluta þessarar greiningar. Umhverfismál eru í góðum farvegi innan bankans og vinnur hann að því draga úr kolefnisfótspori sínu og úrgangi. Ferðir starfsmanna eru kolefnisjafnaðar og heldur hann áfram vegferð sinni í að verða pappírslaus banki. Landsbankinn nær framúrskarandi árangri í þessu UFS mati og er fyrirmynd fyrir markaðinn hérlendis.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Bankinn er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi um 30). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn upp á 58 stig af 100 mögulegum, flokkur C1. Landsbankinn deilir A einkunn með einum öðrum útgefanda og skarar bankinn og hinn útgefandinn því nokkuð fram úr í þessum þáttum á íslenskum markaði.

Lánasjóður sveitarfélaga – LSS040440 GB

Markaðir Landsbankans voru ráðgjafar Lánasjóðs sveitarfélaga við útgáfu þeirra á grænum skuldabréfum.


Fyrsta útboðið tókst mjög vel þar sem ávöxtunarkrafan í útboðinu var 5 punktum lægri (1,35%) en í útboði á LSS150434 (1,40%) sem fór fram á sama tíma.

Þetta var fyrsta útboðið hér á landi þar sem útgefandi fékk betri kjör á grænum skuldabréfum en hefðbundum skuldabréfum.

Það er okkar skoðun að útgefendur eigi að fá hagstæðari kjör við útgáfu á grænum skuldabréfum.

Langtímafjárfesting fyrir framtíðina og komandi kynslóðir

- **Ný aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar** í loftlagsmálum var kynnt í júní 2020
- Ráðast þarf í **umfangsmikil verkefni** næstu árin ef Ísland ætlar að standa við Parísarsáttmálann
- Endurnýjanleg orkuframleiðsla setur **Ísland** í áhugaverða stöðu sé litið til ýmissa verkefna sem hægt væri að fjármagna með útgáfu grænna skuldabréfa. Mikilvægt er að greina og mæla umhverfisáhrif slíkra verkefna
- Lykillinn að **beina fjármagni** í sjálfbærar fjárfestingar er að búa við skýran og framkvæmanlega stefnuramma fyrir m.a. markaðsaðila
- **Ríki, sveitarfélög** og önnur fyrirtæki hafa nóg af verkefnum sem hægt væri að fjármagna með útgáfu á grænum skuldabréfum
- **Fjármagnsmarkaðurinn í lykilstöðu** til að stuðla að bættu umhverfi. Vaxandi þrýstingur er á fjárfesta að beina fjármagni þannig að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftlagsmála
- **Allir** þurfa að leggja sín **lóð á vogarskálarnar** ef Ísland á að standa við Parísarsáttmálann og bæta hag komandi kynslóða



Ítarefni

Skráð skuldabréf - Góður undirbúningur er lykilinn að farsælu skráningarferli

Kröfur til skuldabréfaútgefenda á Aðalmarkaði:

Reikningsskil skv. IFRS, lýsing staðfest af FME, fjármálafyrirtæki hefur umsjón með skráningu í Kauphöll og skuldabréfin þarf að gefa út rafrænt.

- Upplýsingaskylda skuldabréfaútgefenda lýtur einkum að getu hans til að sinna greiðsluskyldu í samræmi við ákvæði skuldabréfsins og að réttindum eigenda skuldabréfanna.
- Ákvæði laga um meðferð og birtingu innherjaupplýsinga, bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun.
- Skylda að ráða regluvörð sem hefur umsjón með að ákvæðum reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé framfylgt innan félagsins.
- Birting ársreiknings innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs og birting hálfársuppgjörs innan tveggja mánaða frá lokum tímabilsins.
- Birta þarf allar upplýsingar er varða réttindi skuldabréfanna, þ.m.t. innköllun, innlausn, breytingar á afborgunum o.fl.
- Upplýsingum skal miðla opinberlega í gegnum t.d. Globe Newswire fréttakerfið.
- Útbúa þarf skuldabréfanna eða skráningarlýsingu, sem samanstendur af þremur skjölum, útgefendalýsingu, verðbréfalýsingu og eftir atvikum samantekt*
- Skuldabréfanna/Skráningarlýsingin er staðfest og birt af Fjármálaeftirlitinu.



* ef nafnverðseiningar skuldabréfanna eru undir 20 m.kr. þarf að útbúa samantekt

Sértækir skilmálar grænna skuldabréfa

- Sértækir skilmálar grænna skuldabréfa geta verið með margvíslegum hætti.
- **Tilgangur útgáfunnar:** Fjármögnun á grænum verkefnum eins og þau eru skilgreind í umgjörð félagsins sem finna má á vefslóðinni: www.xx.is
- **Sérstök skilyrði:**
 - *Nýting fjármagns:* útgefandi skal nýta fjármagn sem hann mottækur vegna útgáfu skuldabréfanna í græn verkefni í samræmi við umgjörð félagsins.
 - *Sérstök endurskoðun:* Ytri endurskoðun skal staðfesta a.m.k. einu sinni á ári hvernig söluandvirði skuldabréfanna var ráðstafað.
- **Sérstakar yfirlýsingar:**
- **Sérstakar gjaldfellingarheimildir:** Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella alla eftirstandandi skuld skuldabréfanna eins og hún er hverju sinni ef eitt eða fleiri eftirfarandi tilfella á við:
 - Ef skbr. hafa ekki verið tekin til viðskipta á „sustainable bond“ markaði Nasdaq Iceland innan 6 mánaða frá útgáfudegi
 - Ef skbr. eru tekin úr viðskiptum eftir að hafa verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án þess að vera þess í stað tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði
 - Ef útgefandi vanefnir sérstöku skilyrðin („*Nýting fjármagns*“) og varða útgáfu grænna skuldabréfa

Útgáfuferli grænna skuldabréfa

Til viðbótar við ferlið á hefðbundinni skuldabréfaútgáfu bætast við eftirfarandi þættir:

1. **Skilgreina** þarf **verkefnið** og ákveða hverjir bera ábyrgð og hafa umsjón með verkefninu.
2. Útbúa þarf **umgjörð (GBF)**, og ferli til að velja álitleg verkefni og lýsa hvernig söluandvirðinu verður ráðstafað.
3. Ráða þarf **utanaðkomandi ráðgjafa** sem gerir úttekt á umgjörð félagsins, aðstoðar við staðfestingu og vottar útgáfuna (valkvætt).
4. Útbúa þarf verklag í kringum **eftirlit með ráðstöfun** fjármuna.
5. **Upplýsa** þarf markaðinn a.m.k. **árlega** um stöðu verkefnisins og ráðstöfun fjármuna.



Öflugur samstarfsaðili

Landsbankinn er í fararbroddi í ábyrgum fjárfestingum

- Á undanförunum misserum hefur Landsbankinn markvisst byggt upp **sérfræðipækningu** á grænum skuldabréfum
- Í Landsbankanum eru öflugar einingar með **greiðan aðgang** að fjárfestum og góð tengsl við kauphöll og aðra eftirlitsaðila
- **Græn skuldabréf** er einn möguleiki til fjármögnunar á umhverfisvænum verkefnum
- **Áhugi** á grænum skuldabréfum hefur **aukist** jafnt og þétt hér á landi undanfarið samfara stóruknum áhuga erlendis
- **Vitundavakning** í loftlags- og umhverfismálum og þrýstingur frá almenningi hefur leitt til þess að ríki, sveitafélög og einkarekin félög láta sig þessi málefni varða
- Landsbankinn stefnir að því að **stuðla að sjálfbærni** í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum í rekstri bankans

Samfélagsábyrgð Landsbankans

Var í 6. sæti af 376 bönkum í UFS-áhættumati Sustainalytics

Hefur byggt upp sérfræðipækningu á grænum skuldabréfum


Hóf þátttöku í þróun loftlagsmælis fyrir fjármálafyrirtæki

Skrifað undir viðmið um ábyrga bankaþjónustu

Mikil þekking á útgáfum grænna skuldabréfa innan Landsbankans

- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er **öflugur samstarfsaðili við útgáfu grænna skuldabréfa**
 - Er ráðgjafi Lánasjóðs sveitafélaga vegna fyrirhugaðrar útgáfu á grænum skuldabréfum
 - Var ráðgjafi við útboð og skráningu á skuldabréfum m.a. fyrir :
 - Fagfjárfestastjóðinn Landsbréf – BÚS I
 - Almenna leigufélagið
 - Landsbankann í samræmi við útgáfuáætlun
 - Var annar umsjónaraðila almenns útboðs Marel á Íslandi en útboðið var hluti af alþjóðlegu hlutafjárútboði sem haldið var í tengslum við tvískráningu félagsins í Euronext kauphöllina í Amsterdam
- Fyrirtækjaráðgjöf veitir m.a. **sjálfstæða ráðgjöf** varðandi græn skuldabréf til ríkis, sveitafélaga, og fyrirtækja
- Fyrirtækjaráðgjöf hefur **greiðan aðgang** að sterkum innviðum Landsbankans og góð tengsl við fjárfesta
- Landsbankinn er í góðu samstarfi við **Skandinaviska Enskilda Banken (SEB)** og **DNB** og getur aðstoðað útgefendur með útgáfu, sölu og skráningu á grænum skuldabréfum á erlendum vettvangi

Ferli grænnar skuldabréfaútgáfu



Landsbankinn er stoltur samstarfsaðili Lánasjóðs sveitarfélaga



- **Sveitarfélög** á Íslandi eru ábyrg fyrir um **priðjung af allri samneyslu** á Íslandi og bera ábyrgð á verkefnum sem mörg hafa bæði bein og mikil áhrif á umhverfið
- Lánasjóður sveitarfélaga, í samvinnu við Landsbankann, hefur fengið **alþjóðlega vottun á umgjörð** sína í þeim tilgangi að gefa út **græn skuldabréf**
- **Fjárfestingar** sem gætu fallið undir kröfur umgjarðarinnar eru umhverfisvænar samgöngur, vistvænar byggingar, endurnýjanleg orka, orkunýtni og fráveitur
- Lánasjóðurinn lauk lokuðu **útboði** á nýjum grænum skuldabréfaflokki LSS040440 GB þann 19. febrúar 2020
 - Alls bárust 32 tilboð að nafnvirði um 4 ma.kr. á ávöxtunarkröfu á bilinu 1,30%-1,69%
 - Tilboðum að fjárhæð 1.1 ma.kr. var tekið í flokkinn á ávöxtunarkröfunni 1,35%
 - Lægri ávöxtunarkarfa fékkst á grænu skuldabréfin en hefðbundin bréf
- **Markmið** Lánasjóðsins með útgáfu grænna skuldabréfa er að afla lánsfjár á sem **bestum kjörum** og fjármagna verkefni sveitarfélaga sem stuðla að umhverfisvernd og **sporna gegn loftlagsbreytingum**
- Betri lánskjör skapa **hagræna hvata** sem skila sér í að fleiri umhverfisbætandi verkefni verða að veruleika

Vottun frá Sustainalytics

Second-Party Opinion

Municipality Credit Iceland Green Bond Framework



Evaluation Summary

Sustainalytics is of the opinion that the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework is credible and impactful and aligns with the four core components of the Green Bond Principles 2018. This assessment is based on the following:



USE OF PROCEEDS The eligible categories for the use of proceeds are aligned with those recognized by the Green Bond Principles. Sustainalytics considers production and distribution of renewable energy, green buildings, energy efficiency, waste management, clean transportation as well as water and wastewater management to have positive environmental impacts and advance the UN Sustainable Development Goals 6, 7, 11, 12.



PROJECT EVALUATION / SELECTION MCI's internal process for evaluating and selecting projects is aligned with market practice. MCI's loan officer and CEO will select projects based on the environmental impact assessments of the projects provided by the municipalities and verified by an independent outside advisor. Projects are expected to have a positive long-term net environmental impact. Based on the impact report and upon verification, MCI's loan officer and the CEO will screen and select eligible projects. This process is aligned with market practice.



MANAGEMENT OF PROCEEDS MCI's processes for management of proceeds is handled by MCI's treasury department. MCI will manage an amount equal to the proceeds of the green bond according to its internal guidelines and hold the funds separate from proceeds of other bonds in a dedicated account. Unallocated proceeds will be invested short-term in government issued securities or other low-risk market instruments until disbursement. MCI's internal auditor will verify the allocations of the Green Bond funds, which is aligned with best practice. Overall, the process is aligned with market practice.



REPORTING MCI intends to annually disclose a Green Bond Impact Report, including eligible projects and allocated amounts, total amount allocated to eligible projects, funds yet to be allocated and relevant metrics on the environmental impact of the projects. Sustainalytics views the scope and frequency of MCI's allocation and impact reporting as aligned with market practice.

| | |
|------------------------|--------------------|
| Evaluation date | October 2019 |
| Issuer Location | Reykjavik, Iceland |

Report Sections

| | |
|-------------------------------|---|
| Introduction..... | 2 |
| Sustainalytics' Opinion | 3 |
| Appendices | 9 |

For inquiries, contact the Sustainable Finance Solutions project team:

Lili Hocke (Amsterdam)
Project Manager
lili.hocke@sustainalytics.com
(+31) 20 205 00 40

Charles Cassaz (Amsterdam)
Project Support
charles.cassaz@sustainalytics.com
(+31) 20 205 02 09

Jean-Claude Berthelot (Amsterdam)
Client Relations
susfinance.emea@sustainalytics.com
+44 20 3880 0193

Introduction

Municipality Credit of Iceland ("MCI") was established in 1967, with the aim of securing loans on favorable terms to finance projects of general economic interest carried out by Icelandic municipalities. Aligned with the needs of municipalities, MCI-funded projects include educational infrastructure, geothermal energy, roads and solid waste and wastewater treatment and disposal.

MCI has developed the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework (the "Framework") under which it intends to issue multiple green bonds and use the proceeds to finance, in whole or in part, future projects that assist municipalities, their organizations or enterprises, in the transition to a low carbon economy and clean technologies.

The Framework defines eligibility criteria in six areas:

1. Production and distribution of renewable energy
2. Green buildings
3. Energy efficiency
4. Waste management
5. Clean transportation
6. Water and wastewater management

MCI engaged Sustainalytics to review the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework, dated October 2019 and provide a second-party opinion on the Framework's environmental credentials and its alignment with the Green Bond Principles 2018 (GBP).¹ This Framework has been published in a separate document.²

As part of this engagement, Sustainalytics held conversations with various members of MCI's management team to understand the sustainability impact of their business processes and planned use of proceeds, as well as management of proceeds and reporting aspects of MCI's green bond. Sustainalytics also reviewed relevant public documents and non-public information.

This document contains Sustainalytics' opinion of the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework and should be read in conjunction with that Framework.

MCI has developed the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework under which it intends to issue multiple green bonds and use the proceeds to finance future projects related to (i) Production and distribution of renewable energy, (ii) Green buildings, (iii) Energy efficiency, (iv) Waste management, (v) Clean transportation, (vi) Water and wastewater management. The eligible categories and target populations are aligned with the GBP.

MCI's projects evaluation and selection processes as well as management of proceeds and reporting is aligned with market practice.

Based on the above, Sustainalytics considers the Municipality Credit Iceland Green Bond Framework to be robust, credible and transparent.

Frekari upplýsingar

International Capital Market Association

- *ICMA*: [//www.icmagroup.org/](http://www.icmagroup.org/)
- *Green Bond Principles*: <https://www.icmagroup.org/green-social-and-sustainability-bonds/green-bond-principles-gbp/>
- *Sustainable Bond Principles*: <https://www.icmagroup.org/green-social-and-sustainability-bonds/sustainability-bond-guidelines-sbg/>

Nasdaq Kauphöllin

- *Skráning fyrirtækjaskuldabréfa*- http://business.nasdaq.com/media/Skr%C3%A1ning%20fyrirt%C3%A6kjaskuldabr%C3%A9fa_tcm5044-39964.pdf
- *Markaðurinn fyrir sjálfbær skuldabréf*: <http://business.nasdaq.com/list/listing-options/European-Markets/nordic-fixed-income/sustainable-bonds>
- *Lágmarkskröfur- græn skuldabréf*: http://business.nasdaq.com/media/Nasdaq-Green-Bond-Criteria_tcm5044-54267.pdf
- *UFS leiðbeiningar og tengd málefni*: <https://business.nasdaq.com/esg-guide>

Markaðurinn

- *Markaðsgreining Evrópa*: <https://www.climatebonds.net/files/files/The%20Green%20Bond%20Market%20in%20Europe.pdf>
- *Markaðsgreining- Norðurlöndin*: https://www.climatebonds.net/files/reports/cbi-the_green_bond_market_in_the_nordics.pdf

Vottun, staðlar og ráðgjafar

- *Vigeo-eiris*: <http://www.vigeo-eiris.com/solutions-for-companies-organisations/green-bonds-social-bonds/>
- *Sustainalytics*: <https://www.sustainalytics.com/green-social-bond-services/> eða https://www.sustainalytics.com/sustainable-finance/social-bonds/?gclid=Cj0KCQjw6cHoBRDdARIsADiTTzY9IjC7a8JotlvUSmjNFwPY9wcktzxcR6Fi4WNtqFjtGopJHx27DlaAvX4EALw_wcB
- *Cicerio*: <https://www.cicero.green/second-opinions>

Evrópsk viðmið, útgefendur og Transition bonds

- *EU –taxonomy*: https://ec.europa.eu/info/sites/info/files/business_economy_euro/banking_and_finance/documents/190618-sustainable-finance-teg-report-taxonomy_en.pdf
- *LKAB*: <https://www.lkab.com/sv/SysSiteAssets/documents/finansiiell-information/investerare/lkabs-green-bond-framework.pdf>
- *Thesis*: http://lup.lub.lu.se/luur/download?func=downloadFile&recordId=8991584&fileId=8991585BNG_Bank_Sustainability_Bond_for_Social_Housing_Associations
- *Transition Bonds- samantekt*: <https://cib.bnpparibas.com/documents/markets-360-brief-on-transition-bonds.pdf> og <https://cib.bnpparibas.com/sustain/transition-bonds-is-sustainable-finance-about-to-reach-critical-mass- a-3-3260.html>
- *Environmental finance*: <https://www.environmental-finance.com/content/analysis/sustainable-finance-its-all-about-transition-part-two.html>

Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu sem aðstoðar þig við að koma hugmyndum í framkvæmd. Við tökum virkan þátt í íslensku atvinnulífi og erum traustur bakhjarl og samstarfsaðili



Fyrirvari

Kynning þessi byggir á opinberum upplýsingum sem hafa ekki verið staðreyndar af Landsbankanum. Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari geta verið háðar breytingum, uppfærslum, lokaútgáfu eða endurútgáfu sem geta falið í sér breytingar frá þeim upplýsingum sem fram koma í kynningu þessari. Landsbankinn ábyrgist hvorki beint eða óbeint, að upplýsingar eða skoðanir sem fram koma í kynningu þessari séu að öllu leyti nákvæmar eða tæmandi. Landsbankinn skuldbindur sig ekki til að veita frekari upplýsingar né eftir atvikum að leiðrétta eða uppfæra kynningu þessa.

Kynning þessi er trúnaðarmál og er með öllu óheimilt að dreifa, fjölfalda eða gefa út, að hluta eða í heild, í hvaða formi sem er og í hvaða tilgangi sem er nema með fyrirfram skriflegu samþykki Landsbankans.